# Stofnanasamningur
# Heilsugæslunnar á Dalvík
# og Ljósmæðrafélags Íslands (LFMÍ)

1. **Gildissvið**
   Samningur þessi nær til allra ljósmæðra er starfa hjá Heilsugæslustöðinni á Dalvík og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Ljósmæðrafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sem samþykktur var þann 19. september 2008.

2. **Markmið**
   Samstarfsnefnd er sammála um eftirfarandi markmið með breyttu launakerfi:
   - Að launakerfið sé sveigjanlegt
   - Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsfólk til framgangs í launum sem byggist á aukinni reynslu, þekkingu og ýmsum persónubundnum þáttum.
   - Að stofnuninni haldist á hæfu starfsfólki

3. **Grunnröðun**
   Hjúkrunarfræðingar raðast að lágmarki í launaflokk 3
   Vísað er í starfslýsingar
   Deildarstjóri raðast að lágmarki í launaflokk 6
   Vísað er í starfslýsingar
   Ljósmóðir raðast að lágmarki í launaflokk 8
   Vísað er í starfslýsingar.
   Hjúkrunarforstjóri raðast að lágmarki í launaflokk 12
   Vísað er í starfslýsingar

4. **Réttur til endurmats á röðun**
   Starfsmaður á rétt á að fara fram á það við yfirmann sinn að röðun starfs verði metin með tilliti til starfslýsinga í kjölfar samnings þessa og síðan allt að einu sinni á ári.

5. **Persónu og tímabundnir þættir.**
   Viðbótarnám 1 ár: 2,5% álag
   „ 2 ár: 2,5% álag
   Ljósmóðurnám 2,5% álag

   Námskeið 180 klst. 15 ein. 2,5% álag
   „ 360 „ 30 ein. 2,5% álag
   „ 540 „ 45 ein. 2,5% álag

   Til þess að fá greitt fyrir viðbótarnám þarf það að nýtast í því starfi sem viðkomandi vinnur við.

   **Meistaranám í ljósmóðurfræði:** Ljósmóðir sem lokið hefur meistaraprófi í ljósmóðurfræði hækkar um einn launaflokk.

   **Doktorspróf í ljósmóðurfræði:** Ljósmóðurfræði sem lokið hefur doktorsprófi í ljósmóðurfræði hækkar um tvo launaflokka.

   **Fagleg reynsla:**
   Eftir 5 ára starfsreynslu: 2,5% álag
   Eftir 10 ára starfsreynslu: 2,5% álag
   F.o.m. 1. maí 2007 Eftir 15 ára starfsreynslu: 2,5% álag

**Starfsreynsla innan stofnunar:**
Styrkur Heilsugæslustöðvarinnar á Dalvík felst meðal annars í að halda starfsmönnum eins lengi og unnt er, því hækka ljósmæður og hjúkrunarfræðingar á eftirfarandi hátt:
eftir 5 ár á HgDalvík 2,5% álag
„ 10 ár á HgDalvík 2,5% álag
„ 15 ár á HgDalvík 2,5% álag

6. **Hámarksröðun vegna viðbótarnáms, starfsþróunar og reynslu:**
Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækkun vegna persónub. þátta ofaná grunnlaunatölu Launaflokks sem er umfram 20% færist í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

7. **Sérstakt tímabundið álag/verkefni:**
Vísað er í kjarasamning frá 28. Feb. 2006 lið 1.3. sérstök tímabundin umbun.
Heimilt verði að gera samning við starfsmann um að taka að sér sérstakt verkefni sem felur í sér tímabundið álag. Í slíkum tilvikum skal gera skriflegan viðbótarsamning við starfsmann um tímabundna hækkun launa. Launavidbót sem byggir á tímabundnum verkefnasamningi fellur niður við lok samningstíma án sérstakra uppsagnar af hálfu stofnunarinnar.

8. **Gildistími/endurskoðun:**
Samningur þessi gildir frá 1. ágúst 2008 til 31. mars 2009
Samningur þessi skal endurskoðaður ár hvert ef annað hvort starfsmaður eða framkvæmdastjóri óska þess, en eigi síðar en x.

Dalvík 09.01.2009

f.h. Heilsugæslustöðvarinnar á Dalvík
Ásrún Ingvadóttir

f.h. Ljósmæðrafélags Íslands
Lilja Guðnad